

Ríkisskattstjóri
09 210

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Ríkisskattstjóri
kt. 540269-6029
Laugavegi 166

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ríkisskattstjóri er ríkisaðili í A-hluta og hefur með höndum álagningu opinberra gjalda og annarra skatta og gjalda ásamt því að annast skatteftirlit. Ríkisskattstjóri setur framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og birtir eftir því sem efni standa til og þýðingu hefur. Á árinu 2019 voru stöðugildi hjá ríkisskattstjóra 252,6 á átta starfsstöðvum.

Með lögum nr. 142/2018 um breytingu á lögum um tekjuskatt og fleiri lögum færðist innheimta opinberra gjalda frá tollstjóra til ríkisskattstjóra. Lögin öðlustu gildi 1. janúar 2019 en komu til framkvæmda 1. maí 2019. Við þessa breytingu fjölgaði stöðugildum hjá ríkisskattstjóra um 50. Heildarfjöldi stöðugilda á árinu 2019 voru samtals 252,6.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 5 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 4.070,0 milljónir og afkoma kr. 102,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 198,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 2.501,1 milljónir.

Það er álit okkar að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkisskattstjóra í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ríkisskattstjóra fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Snorri Olsen,
Ríkisskattstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	3.717.171.396	2.953.300.000
Aðrar tekjur		121.778.909	106.394.189
Seld þjónusta	3	146.042.166	118.560.571
Framlög og ýmsar tekjur	4	14.414.367	4.857.346
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	70.640.676	64.978.211
Tekjur samtals		4.070.047.514	3.248.090.317
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	2.803.525.484	2.471.449.911
Annar rekstrarkostnaður	6	1.093.076.888	744.041.844
Afskriftir	7	70.640.676	64.978.211
Gjöld samtals		3.967.243.048	3.280.469.966
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		102.804.466	(32.379.649)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		0	17
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(2.390)	(5)
		(2.390)	12
Afkoma ársins		102.802.076	(32.379.637)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur		101.902.076	(56.579.637)
Rekstrartilfærslur		900.000	24.200.000
		102.802.076	(32.379.637)

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	<u>223.217.147</u>	<u>225.424.735</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		91.225.294	87.546.389
Farartæki og vélar		<u>21.353.509</u>	<u>10.923.035</u>
		<u>112.578.803</u>	<u>98.469.424</u>
Fastafjármunir samtals		<u>335.795.950</u>	<u>323.894.159</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	10	20.099.726	16.614.750
Tengdir aðilar	11	1.954.814.304	348.166.129
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		2.757.000	328.108
Handbært fé	12	<u>187.633.569</u>	<u>148.024.573</u>
Veltufjármunir samtals		<u>2.165.304.599</u>	<u>513.133.560</u>
Eignir samtals		<u>2.501.100.549</u>	<u>837.027.719</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	13		
Hrein eign		<u>198.790.696</u>	<u>95.988.620</u>
Eigið fé samtals		<u>198.790.696</u>	<u>95.988.620</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	968.935.171	59.397.190
Viðskiptaskuldir		152.480.191	49.877.295
Ýmsar skammtímaskuldir	14	788.184.820	329.014.267
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	15	<u>392.709.671</u>	<u>302.750.347</u>
		<u>2.302.309.853</u>	<u>741.039.099</u>
Skuldir samtals		<u>2.302.309.853</u>	<u>741.039.099</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>2.501.100.549</u>	<u>837.027.719</u>
Aðrar upplýsingar	16		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		102.802.076	(32.379.637)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	70.640.676	64.978.211
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(70.640.676)	(64.978.211)
		<u>102.802.076</u>	<u>(32.379.637)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(5.913.868)	(3.971.762)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		561.773.449	(92.879.325)
		<u>555.859.581</u>	<u>(96.851.087)</u>
		<u>658.661.657</u>	<u>(129.230.724)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(38.031.068)	(77.232.487)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(44.511.399)	(19.613.325)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	102.000
		<u>(82.542.467)</u>	<u>(96.743.812)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		(697.110.194)	3.143.958
Fjárfestingarframlag		160.600.000	75.600.000
		<u>(536.510.194)</u>	<u>78.743.958</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		39.608.996	(147.230.578)
		<u>148.024.573</u>	<u>295.255.151</u>
		<u>187.633.569</u>	<u>148.024.573</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppséðanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppséðanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	3.717.171.396	2.978.400.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(25.100.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	3.717.171.396	2.953.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	70.640.676	64.978.211
	3.787.812.072	3.018.278.211

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	3.400.200.000	900.000	0	3.401.100.000
Fjáraukalög	(84.000.000)	0	0	(84.000.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða	400.071.396	0	0	400.071.396
Fjárveiting til tekna	3.716.271.396	900.000	0	3.717.171.396
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(3.614.369.320)	0	0	(3.614.369.320)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	101.902.076	900.000	0	102.802.076

3 Seld þjónusta

Sérfræðiþjónusta	11.811.721	16.453.305
Sala ársreikninga, samþykta, afrit framtala o.fl.	132.264.045	100.333.516
Ýmsar þjónustutekjur	600.000	1.773.750
Fræðslustarfsemi og fundir	1.366.400	0
	146.042.166	118.560.571

4 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild	10.144.367	3.507.346
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	4.270.000	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	0	1.350.000
	14.414.367	4.857.346

5 Laun og launatengd gjöld

Laun	2.271.323.923	1.998.661.127
Orlof, breyting	(9.520.854)	(12.572.078)
Launatengd gjöld	522.106.800	462.603.859
Starfsmannakostnaður	19.615.615	22.757.003
	2.803.525.484	2.471.449.911

Meðalfjöldi stöðugilda	252,6	225,6
------------------------------	-------	-------

Skýringar

	2019	2018
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	10.227.217	5.981.050
Byggingarvörur, almennar	0	124.770
Byggingarvörur, aðrar	5.741	1.599
Tæki og búnaður til innréttinga	0	(71.515)
Ýmis tæki og áhöld	15.824.993	6.861.315
Varahlutir og viðhaldsvörur	682.450	144.077
Orkugjafar	14.825.063	12.717.340
Matvæli	51.114.730	53.873.358
Almennar rekstrarvörur	5.093.706	4.117.894
Vörukaup, almenn	97.773.900	83.749.888
Kennslu- og föndurvörur	192.498	176.579
Ýmsar sérgreindar vörur	105.025	5.933
Vörukaup, sérgreind	297.523	182.512
Fundir, námskeið, risna	20.797.694	2.718.888
Ferðir, uppihald	32.729.558	11.930.154
Akstur	2.401.503	914.921
Sérfræðiþjónusta	446.487.632	345.522.503
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	5.265.743	858.851
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	14.540.761	15.880.869
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	33.894.273	34.541.380
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	556.117.164	412.367.566
Afnotagjöld	118.089.230	81.932.889
Leigugjöld	267.096.620	118.453.635
Notkun véla og flutningatækja	1.209.084	896.888
Verkkaup	41.608.358	39.204.418
Kostnaðarhlutdeild	8.398.174	6.562.716
Tryggingar, lögboðnar	592.382	486.264
Opinber gjöld	1.894.453	205.068
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	438.888.301	247.741.878
Annar rekstrarkostnaður samtals	1.093.076.888	744.041.844
7 Afskriftir		
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	27.939.237	38.790.337
Farartæki og vélar	2.462.783	2.679.156
Niðurfærsla óefnislegra eigna	40.238.656	23.508.718
	70.640.676	64.978.211

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018	
8 Óefnislegar eignir			
Óefnislegar eignir	223.217.147	225.424.735	
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2019:		Hugbúnaður	
Stofnverð 1.1.2019		259.934.551	
Viðbót á árinu		38.031.068	
		<u>297.965.619</u>	
Niðurfært 1.1.2019		34.509.816	
Niðurfærsla ársins		40.238.656	
		<u>74.748.472</u>	
Staða 31.12.2019		<u>223.217.147</u>	
9 Varanlegir rekstrarfjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður	91.225.294	87.546.389	
Farartæki og vélar	21.353.509	10.923.035	
	<u>112.578.803</u>	<u>98.469.424</u>	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:			
	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 1.1.2019	283.919.298	22.304.500	306.223.798
Viðbætur á árinu	31.618.142	12.893.257	44.511.399
Selt/niðurfært á árinu	(2.484.306)	0	(2.484.306)
	<u>313.053.134</u>	<u>35.197.757</u>	<u>348.250.891</u>
Afskriftir 1.1.2019	196.372.909	11.381.465	207.754.374
Selt/niðurfært á árinu	(2.484.306)		(2.484.306)
Afskrift ársins	27.939.237	2.462.783	30.402.020
	<u>221.827.840</u>	<u>13.844.248</u>	<u>235.672.088</u>
Staða 31.12.2019	<u>91.225.294</u>	<u>21.353.509</u>	<u>112.578.803</u>
	31.12.2019	31.12.2018	
10 Viðskiptakröfur			
Viðskiptakröfur	20.099.726	16.614.750	
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	0	0	
	<u>20.099.726</u>	<u>16.614.750</u>	
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum	20.099.726	15.999.290	
Viðskiptakröfur í erlendri mynt	0	615.460	
	<u>20.099.726</u>	<u>16.614.750</u>	

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
--	------------	------------

11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	1.953.305.404	41.399.746
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	306.766.383
	<u>1.954.814.304</u>	<u>348.166.129</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	968.935.171	59.397.190
	<u>968.935.171</u>	<u>59.397.190</u>

12 Handbært fé

Sjóðir	483.902	163.447
Tékkareikningar	187.149.667	147.861.126
	<u>187.633.569</u>	<u>148.024.573</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 37,9 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til handbærs fjár.

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2019	31.12.2018
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	95.988.620	128.368.257
Afkoma ársins	102.802.076	(32.379.637)
Jöfnuður 31.12.	<u>198.790.696</u>	<u>95.988.620</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlæsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

14 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	359.619.189	327.994.601
Ógreidd laun	12.533.843	0
Önnur ógreidd gjöld	415.946.720	143.993
Skattar	85.068	875.673
	<u>788.184.820</u>	<u>329.014.267</u>

Skýringar

15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	335.795.950	323.894.159
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	56.913.721	(21.143.812)
	<u>392.709.671</u>	<u>302.750.347</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	323.894.159	(21.143.812)	302.750.347
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	160.600.000	160.600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	44.511.399	(44.511.399)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	38.031.068	(38.031.068)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(70.640.676)	0	(70.640.676)
	<u>335.795.950</u>	<u>56.913.721</u>	<u>392.709.671</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 54,7 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

16 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert níu skuldbindandi samninga um húsnæði, þar af sjö ótímabundna samninga og einn sem rennur út í árslok 2034. Áætlaðar greiðslur vegna húsaleigu fyrir árið 2020 eru kr. 456,4 milljónir.

Einnig hefur stofnunin gert þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarleyfa til næstu ára og eru áætlaðar greiðslur kr. 814,5 milljónir fyrir árið 2020.

Stofnunin ber hlutdeild í lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sem látið hafa af störfum. Lífeyrisskuldbindingin hefur ekki verið skuldfærð í reikningsskil stofnunarinnar en greiðsla af henni á árinu 2020, kr. 1,7 milljónir, er gjaldfærð meðal launa.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.